

Uppbygging framundan í Hlíðarhaga í Hveragerði



Myndina tók Aldís Hafsteinsdóttir.

Samningur milli Borgartúns ehf. og Hveragerðisbæjar varðandi uppbyggingu og framkvæmdir í Hlíðarhaga var samþykktur samhljóða á fundi bæjarráðs þann 16. júlí sl. Í samningnum er gert ráð fyrir að lóðarhafi muni annast, á sinn kostnað allar framkvæmdir á svæðinu þ.m.t. alla gatnagerð, vegtengingu við Breiðumörk skv. gildandi deiliskipulagi fyrir Hlíðarhaga, frágang opinna svæða, gangstíga, gangstétta og framkvæmda innan deiliskipulagssvæðisins. Um er að ræða lagningu gatna, gangstétta, göngustíga, neysluvatnslagna, fráveitulagna, götulljósakerfis og fullnaðarfrágang umhverfisins, s.s. þökulagningu og gróðursetningu trjáa. Undan-

skilið verkefninu er leiksvæði sem Hveragerðisbær mun sjá um að framkvæma. Einnig eru framkvæmdir umhverfis vatns-tank bæjarbúa undanskildar. Til þess að mæta kostnaði við ofangreindar framkvæmdir þá greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald til sveitarfélagsins vegna mannvirkja er rísa á svæði því er samkomulag þetta tekur til. Lóðarhafi mun greiða byggingarréttargjald sem nemur 30% af gatnagerðargjaldi til Hveragerðisbæjar svo tryggt sé framlag til tengingar hverfisins við veitur og til annars frágangs á svæðinu.

Útsýnissvæði á góðum stað
Hlíðarhagi er fallegur útsýnisstaður ofan og norðan við

byggðina í Hveragerðisbæ. Gert er ráð fyrir 27 íbúðum á deiliskipulagi. Íbúðirnar verða af fjölbreyttum toga sem bætast munu við fjölbreytta flóru þeirra íbúðakosta sem í farvatninu eru hjá bæjarfélaginu.

Í Hlíðarhaga, sem er fallegur útsýnisstaður ofan og norðan við byggðina í Hveragerði, gerir deiliskipulag ráð fyrir 27 íbúðum af ýmsum toga sem eiga eftir að bætast við fjölbreytta flóru þeirra íbúðakosta sem nú eru í farvatninu í bæjarfélaginu. -gpp

Lesendur athugið!

Næsta tölublað
Dagskrárinnar kemur
út 12. ágúst nk.



Langþráður draumur orðinn að veruleika

Sigríður Kristín Jóhannsdóttir í Stóru-Sandvík klippti á borðann en henni til aðstoðar voru Árdís Lóa Sandholt og Sigurdór Örn Guðmundsson. Skæravörður var Benedikt Hrafn Guðmundsson. Sunnlenska.is/Guðmundur Karl.

Þann 22. júlí sl. þustu íbúar í Sandvíkurhreppi út og klipptu á borða, en nýlokið var við að malbika hjólréiðastíginn milli Selfoss og Stóru-Sandvíkur. Langþráður draumur varð að veruleika. Í frétt Sunnlenska.is kemur fram að malbikaður hjólastígur hafi verið kosningaloforð allar götur frá því að Sandvíkurhreppur varð hluti af Árborg árið 1998. Stígurinn var lagður 2018 en efnið í stígnum var gróft og erfitt yfirferðar og

hann nánast ekki hjólafer. Heldur betur hefur verið úr því bætt. Nú er hann rennisléttur og þægilegur yfirferðar fyrir hjólréiðafólk, gangandi, hlaupandi og líka þá sem vilja aka um á rafskútum. Ætlunin er að stígurinn muni ná alla leið niður í bæina við ströndina og þannig tengja saman sveitarfélagið. Nú þegar hefur verið malbikaður stígur milli Eyraþakka og Stokkseyrar. -gpp

Forsætisráðherra ávarpar Skálholtshátíð

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, hélt hátíðarræðu á Skálholtshátíð þann 19. júlí sl. Hún hóf ræðu sína á að rifja upp ýmsa merkisviðburði í sögu Skálholts sem um margt endurspeglar sögu Íslands. Hún ræddi síðan um hinar stóru áskoranir samtímans; loftslagsvána, tæknibreytingar og heimsfaraldur og nauðsyn þess að við höfum ávallt jöfnuð og velsæld almennings að leiðarljósi þegar við tökumst á við þessar áskoranir. Hún gerði boðskap kirkjunnar um frið, kærleika og sáttagjörð að sérstöku umtalsefni og benti á að jöfnuð og



réttlæti væru undirstaða friðar og satta í hverju samfélagi. Að lokum ræddi hún um virðingu fyrir sköpunarverkinu sem væri einmitt lykillinn að því að takast á við loftslagsvána. -gpp

Er potturinn klár fyrir sumarið?

20 ára
2000-2020

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



ALWAYS A BETTER WAY

HYBRID

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotasefossi.is



Nýjar vörur og 40% afsláttur af öllum útsöluvörum.

Verið velkomin í heimsókn til okkar!

Motivo

Hönnun, tíska og aqafavara

Austurvegi 9 Selfossi S.482 1700 Motivo.is

Boggugarðar



- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

Sólborg Ósk Kragh
GARÐYRKJUFRAÐINGUR

Sími 895 2766
solborgosk@gmail.com

 Erum á Facebook

Sól, sumar og gleði hjá Auði og Páli við Múlatorg

Hjónin Páll Jökull og Auður Ottesen kunna svo sannarlega að bjóða í partí. Þann 25. júlí sl. hélt Sumarhúsið og garðurinn sína árlegu Sumarhátíð – Stefnumót við Múlatorg. Hátíðin var haldin í sjötta sinn, en hún hefur ætíð verið lífleg og fræðandi. Í ár var hátíðin vel sótt

og margir gerðu góð kaup eða fræddust um garða, blómarækt og býflugnahald svo dæmi séu tekin. Sérstakir heiðursgestir á hátíðinni voru Hafsteinn Hafliðason og Helga Thorberg. Innandyra var sýning á ljósmyndum Páls Jökuls og teikningum Möru Liem. Samsýningin nefn-

ist Hjarta norðursins eða Arctic heart. Þar blanda þau saman á heillandi hátt grafíkverkum og ljósmyndum. Allt þetta fór svo fram undir ljúfri argentínskri ballöðutónlist sem fær hvern sem er til að dilla sér. -gpp



Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is -  /keyrsla.is



Vantar þig aukapening?

Ertu morgunhress og dugleg(ur)?

Vinna 6 daga vikunnar, frá mánudegi til laugardags, milli 6 og 7.

Sækja má um á postdreifing.is





KRÓNAN

Hæ Suðurland!

Megum við vera memm?

Krónan á Suðurlandi auglýsir
eftir styrktarumsóknum

Við höfum áhuga á að taka þátt í uppbyggingu í samfélaginu
og auglýsum eftir styrktarumsóknum.

Hvað getum við gert saman?

Árlega veitir Krónan styrki til verkefna í nærumhverfi verslanna
Krónunnar. Um er að ræða samfélagsstyrki sem styðja
samfélagið t.d. á sviði íþróttar/hreyfingar, menningar og lista
eða menntunar. Ert þú með hugmynd?



Ofureinfalt ferli:

Sækja þarf um styrk - rafrænt*
Kronan.is/styrktarumsokn

Öllum umsóknum verður svarað og tilkynnt
verður hvaða verkefni fær styrk í ár.

Umsóknarfrestur er til **30. ágúst 2020**

*Styrktarumsóknum verður einungis svarað í gegnum heimasíðu





Leiðrétting

Myndin á forsíðu síðasta blaðs var tekin af Þóri Kjartanssýni, ljósmyndara í Vík. Þau mistök urðu að nafnið féll út úr myndatextanum í umbroti. Við þökkum Þóri fyrir glæsilega mynd, sem vakti mikla athygli.

Kirkjuhvoll á Hvolsvelli fær góðar gjafir

Aðstandendafélag heimilisfólks á Kirkjuhvelli kom færandi hendi í síðustu viku er þau færðu heimilinu rausnarlega gjöf. Gjöfin var kaffileirtau og skeiðar fyrir allt að 150 manns sem mun sannarlega koma vel að notum fyrir heimilisfólk, starfsfólk og gesti. Starfsfólk og heimilisfólk þakkar aðstandendafélaginu kærlega fyrir þessa góðu gjöf.



Skammtímahagvísar ferðapjónustu í júlí 2020

Samkvæmt tilraunatólfræði gistinátta er áætlað að gistinætur á hótélum í júní hafi dregist saman um 79% og fækkað úr 420 þúsund í 90 þúsund samanborið við júní í fyrra.

Í maí fækkaði skráðum gistinóttum um 87%, úr 570 þúsund í tæplega 76 þúsund, samanborið við maí í fyrra. Þar af drógust gistinætur á hótélum saman um 88%, úr 315 þúsund í 37 þúsund. Nýting hótélherbergja lækkaði um 47 prósentustig, úr 56% í maí í fyrra niður í 9% síðastliðinn maí. Framboð hótélherbergja dróst einnig saman í kjölfar þess að 47 hótél höfðu lokað í maí. Framboð herbergja lækkaði því um 26%, úr tæplega 11 þúsund herbergjum niður í tæplega 8 þúsund.

Í júní fækkaði brottfararfarþegum um 95,7% samanborið við sama mánuð í fyrra, úr 259 þúsund í rúmlega 11 þúsund. Séu síðustu 12 mánuðir bornir saman við sama tímabil árið áður hefur farþegum fækkað úr rúmlega 2,9 milljónum í rúmlega 1,8 milljónir, eða um 35%.

Bílaleigubílar í umferð voru 15.600 talsins í júlí og fækkaði þeim um 37% samanborið við sama mánuð síðasta árs. Séu síðustu 12 mánuðir bornir saman við sama tímabil í fyrra hefur heildarfjöldi bílaleigubíla dregist saman úr 25 þúsund í 23 þúsund, eða 8%, á meðan fjöldi bílaleigubíla í umferð hefur dregist saman um 15%, úr 23.500 í 20.000.



Bjarni Ásbjörnsson ráðinn sveitarstjóri tímabundið

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson tók tímabundið við starfi sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps um síðustu mánaðamót og mun hann gegna starfinu til 1. október næstkomandi. Kristófer Tómasson verður í leyfi á sama tíma. Bjarni hefur víðtæka starfsreynslu. Hann hefur rekið sitt eigið fyrirtæki frá árinu 2004 á sviði ráðgjafar í upplýsingatækni, rekstrar og stefnumótunar. Auk þess hefur Bjarni starfað hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands og sem framkvæmdastjóri tveggja nýsköpunarfyrirtækja. Hann var einnig kerfisstjóri Sláturfélags Suðurlands um langt árabil.

Bjarni er með BS-gráðu í tölvunarfræði með áherslu á viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og með MS-gráðu í stjórnun og stefnumótun frá



Háskóla Íslands. Auk þess hefur Bjarni lokið námi frá Endurmenntun Háskóla Íslands í mannaútsjórnun og er faglærður leiðsögumaður frá EHI.

Áhugamál Bjarna eru fjölmörg; útivera og ferðalög hafa

ávallt verið ofarlega á lista, ásamt því að fylgjast með tækniþróun að því marki sem það er gerlegt í síbreytilegum heimi.

Bjarni og kona hans hafa stundað hrossarækt í smáum stíl í Kílhrauni frá árinu 2004.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er **Elisabet Rut Sigmarsdóttir**.

Ég vil þakka henni Huldu Dóru vinkonu minni kærlega fyrir þessa áskorun. Ég verð að viðurkenna að ég er alls ekki mikið fyrir að standa í eldhúsinu en geri það nú samt til að fæða börnin mín og kall. Mér finnst skemmtilegast að elda eitthvað sem börnunum mínum finnst gott (annað en pizzu og hamborgara) þannig að ég ætla að deila með ykkur uppskrift að súpu og kjúklingarétti sem ég geri mjög oft. Með súpunni geri ég líka alltaf Betubrauðið sem Hulda Dóra var með hér á undan.



Kjúklingasúpan

½ hvítlaukur
1 púrrulaukur
2 paprikur
1 askja rjómaostur 400 gr.
1 flaska Heinz chillisósa
3-4 teningar kjúklingakraftur
1 ½ lítri vatn
1 peli rjómi
Salt og pipar (dass)
Karrí (slump)
Kjúklingur skorinn í litla bita

Kjúklingaréttur með kúskús

4-5 bringur skornar í teninga
Salt og pipar
1 – 2 krukku Satay-sósa
Kúskús
1 kjúklingateningur
Spínat
1 krukka fetaostur
Rauðlaukur
Kasjúhnetur
Kirsuberjatómatar (má sleppa)

Aðferð: Hvítlaukur, paprika og púrrulaukur steikt í potti ásamt smá olíu, salti, pipar og karrí. Þegar grænmetið er orðið svolítið mjúkt þá set ég vatn, chillisósuna, rjómaostinn og kjúklingateningana út í og læt það sjóða í smá stund. Kjúklingurinn fer svo út í næst, en ég set hann hráan út í sjóðheita súpuna og læt hann malla í súpunni í 15-20 mín. Það má líka steikja kjúklinginn fyrst ef fólk vill það frekar. Að lokum set ég rjómann út í og þá er súpan klár.

Aðferð: Kjúllinn steiktur á pönnu og kryddaður með salti og pipar. Satay-sósunni hellt yfir og látið malla í smá stund. Kúskús er soðið eftir leiðbeiningum á pakka ásamt einum kjúklingatening. Kúskúsið er síðan sett í botninn á fati og smá olíu af fetaostinum hellt yfir. Spínatið er svo sett yfir kúskúsið og þar næst kjúklingurinn. Fetaosti, kasjúhnetum og rauðlauk er síðan sáltrað yfir réttinn og hann borinn fram.

Ég ætla að skora á bróður minn hann Jón Ægi Sigmarsson til að vera næsti matgæðingur. Ólíkt mér þá hefur hann og sambýliskona hans, hún Harpa, gaman af því að standa í eldhúsinu og eru óhrædd við að prófa eitthvað nýtt og ódrúvisi.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Karl ráðinn aðstoðarskólalastjóri Bláskógaskóla

Karl Hallgrímsson hefur verið ráðinn í stöðu aðstoðarskólalastjóra við Bláskógaskóla Reykholti. Karl tekur við starfinu af Láru Bergljótu Jónsdóttur, sem var ráðin skólalastjóri á dögnum. Karl hefur starfað sem grunnskóla- og tónlistarkennari frá 1997, þar af 12 ár í Reykholti.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegji 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddis.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddis.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegji 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Um mig er langri línu vafið.
Við laufabrauðsgerð ég notað er.
Á mig var letur galdra grafið.
Í gin á kálfi ég stundum fer.

Svar við gátu í blaði 2557: MÁL.
1. lína: Tungumál - 2. lína: Íslenskt mál
3. lína: Fuglamál - 4. lína: Sakamál

Sagnfræðimoli um Hellisskóg

Hellisskógur er einn af perlum Árborgar, fyrsta flokks útivistarsvæði í fallegum skógi. Skógurinn, sem er í þægilegri göngufjarlægð frá Ölfusárbrú, mætti vera enn meira nýttur af íbúum sveitarfélagsins en nú er. Til viðbótar við náttúruupplifun gesta þá má benda á sögu og þá sér í lagi þjóðsögur sem tengjast svæðinu.

Hellisskógur er í landi tveggja jarða, Helli og Fossnesi, sem báðar eru komnar í eyði, Helli um miðja síðustu öld og Fossnes árið 1802. Þessi frásögn hér tengist mest jörðinni Helli, en um hana er fjallað í nokkrum þjóðsögum og sögnum. Fyrsta má nefna sögu sem skráð var af Brynjúlfi Jónssyni frá Minni Núpi úr bókinni „Almenn sögn í Ölfusi og Flóa“.

Það hafa margar sögur komið frá landi Helli og munum við fara í gegnum nokkrar þjóðsögur, fyrst þeirra kemur frá Brynjúlfi Jónssyni frá Minni Núpi úr bókinni *Almenn sögn í Ölfusi og Flóa*, sem gefin var út í blaðinu Huld, Safn íslenskrar alþýðulegra fræða frá 1890. Þar segir:

„Til forna stóð bær austarlega undir suðurhlíð Ingólfsfjalls, er hét í Fjalli og var hið mesta höfudból, 30 hurðir á járnnum. Þar hafði Ingólfur fyrst byggt. Þegar sagan gerðist, bjuggu þar auðug

hjón en hörð og nízk. Eitt kvöld kom þangað förukona og bað gistingar. Það var auðséð á henni, að hún mundi innan skamms ala barn. Vildu hjónin því vera laus við hana og úthýstu henni, þrátt fyrir að veðrið væri vont og hellirigning um kvöldið. Hún ráfaði því austur með fjallinu en komst ekki nema að steininum og lét fyrir berast í skútanum. Þar ól hún barn sitt um nóttina. Bæði hún og barnið fundust þar lifandi um morguninn. Var þeim hjúkrað og hresstust við. En þessa sömu nótt féll skriða á bæinn í Fjalli og hefir síðan eigi sézt eftir af honum nema lítið eitt af túnjaðrinum, er enn í dag heitir Fjallstún og litlar leifar af einhverji byggingu, er þar vottar fyrir.“

Steinninn sem um ræðir í sögunni ber nafnið Sængurkonusteinn og er staðsettur undir hlíðum Ingólfsfjalls. Þrátt fyrir að atburðir eins og þessir séu líklegir til að hafa gerst fyrr á öldum, þá má einnig líta á hana sem dæmisögu og áminningu um mikilvægi almennrar gestrisni og samúðar. Bændur á Fjalli höfðu greinilega efni á að sjá um konuna og barn hennar, en vegna nýsku sinnar þá hegnist þeim grimmilega þar sem fjallið tekur bæinn strax eftir niðingsverkið. Eru svipaðar sögur til um allan heim sem líta sömu lögmálum.



Myndin er af hellinum í Hellisskógi. Mögulega er þarna maður með trefil um háls.

Þetta er ekki eina sagan við Helli sem vekur athygli. Sagt er frá því í ritinu „Íslenskir sagnabættir og þjóðsögur“, sem ritstýrt var af Guðna Jónssyni, að um veturinn 1916 hafir kona að nafni Guðrún dvalið á Helli. Konan lýsti því hvernig hún heyrði í dýrum er engin dýr voru við. Eitt sinn er hún var að þvo þvott þá heyrði hún í fótagangi hests og hann frísa, þar sem enginn hestur var í auglýsni. Einnig heyrði hún rödd kalla „það er hún Gudda“, henni til mikillar furðu. Jafnframt var hún vör við önnur undarleg atvik um veturinn. Um áramótin barst söngur frá kletti sem heitir Krummaklettur, þar sem sungið var „Nú árið er liðið í aldanna skaut“. Bar hún loks þessar

furðusögur til bóndans sem hún vann fyrir. Sá sagði að hann hefði verið var við að fleiri ábúendur byggju á Helli en einungis hans fjölskylda og vinnufólk.


Í landi Helli er einn nokkuð stór hellir sem ber nafnið Stóri Hellir og var hann ýmist notaður sem fjáhús eða heygeymsla. Talið er að hellirinn hafi myndast við ágang sjávar á síðasta jökulskeiði ísaldar. Núna er í hellinum áfangastaður fyrir gesti Hellisskógar til að borða nesti.

Eftir sögnum fyrrum ábúanda á Helli þá taldi „gamla fólk“ að það væri draugagangur í Stóra Helli. Þar væri smávaxinn maður með trefli um hálsinn. Sagan segir að hann muni hafa hengt sig í treflinum í Stóra Helli. Á hann að hafa komið fram í draumum

heimilismanna á bænum til að vara við vondu veðri. Í íslenskum þjóðsögum er fremur sjaldgæft en þó þekkt að draugar haldi verndarvæng yfir fjölskylda eða ábúendum bæja. Þar sem um er að ræða velviljaðan draug í hellinum þá þurfa gestir Hellisskógar ekki að hafa áhyggjur af neinu aðskasti af hans hálfu.

Árið 1986 fékk Skógræktarfélag Selfoss dagóða spildu úr landi Helli fyrir skógrækt. Hefur síðan þá myndast hinn myndarlegasti skógur, sem veitir skjól og fallegt umhverfi fyrir þá sem þangað leggja sína leið.

Þórólfur Sigurðsson, sagnfræðinemi tók saman.



Borgum með símanum í sumar

Það er einfaldara og öruggara að borga með símanum eða snjallúrinu hvert sem ferðinni er heitið í sumar.



Hittingar við Lapset æfingatækin við Grænumörk 5

Fimmtudagana 23. og 30. júlí kl 10 verða hittingar við Lappset æfingatækin hjá Grænumörk 5. Þar taka á móti ykkur starfsmenn fjölskyldusviðs, viljum við þó benda á að fólk er á eigin ábyrgð.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 41.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og breytinga:

Herjólfstigur 1 – Aukin mænishæð – Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2020 breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Ásgarðs er varðar aukna mænishæð. Í breytingunni felst að heimiluhæð mænishæð sumarhúsa innan svæðisins er aukin úr 5 metrum í 5,9 metra.

Klausturhólar sumarhúsaloðir – Aukin mænishæð – Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Klausturhóla

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundinum sínum þann 20. nóvember 2019 breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar við A, B og C – götu í landi Klausturhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í breytingunni felst að heimiluhæð mænishæð sumarhúsa innan svæðisins er aukin úr 5 metrum í 6 metra.

Syðra-Langholt 1 og 3 – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. maí 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir Syðra-Langholt 1 og 3. Í skipulaginu felst skilgreining lóðarmarkna og byggingarheimilda á svæðinu. Innan skipulagsins er leitast við að koma á framfæri þeirri þróun sem gæti orðið með núverandi byggingu með tilliti til þeirra búsetu sem nú er á jörðinni.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Vegna sumarleyfa er skrifstofan lokað frá 27. júlí til 7. ágúst. Hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.gogg.is> og <https://www.fludir.is/>

Skipulagstillaga og breytingar eru auglýst með athugasemdafrest frá 29. júlí til og með 10. september 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 10. september 2020.

Athugasemdir og ábendingar skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi UTU



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Konur á öllum aldri ættu að taka Línu Langsokk sér til fyrirmyndar

segir lestrarhesturinn Jóhanna S. Hannesdóttir

Jóhanna S. Hannesdóttir býr í Stóru-Sandvík ásamt eiginmanni sínum, Guðmundi Karli Sigurdórssyni og þremur börnum, þeim Dýrleifu Nönnu, Benedikt Hrafnni og Sigurdóri Erni. Jóhanna er með BA gráðu í þjóðfræði og starfar sem blaðamaður hjá sunnlenkska.is sem hún rekur ásamt eiginmanni sínum. Hennar helstu áhugamál eru allt sem viðkemur heilsu, náttúru, göldrum, tímaferðalögum, dulspeki, listum og kvikmyndum.

Hvaða bók ertu að lesa?

Ég er alltaf að lesa nokkrar bækur í einu. Ég er annars vegar að lesa *Becoming Supernatural* eftir dr. Joe Dispenza sem fjallar í stuttu máli um það hvernig við getum endurförtað okkur með hugleiðslu og öðrum aðferðum til að ná betri heilsu. Algjörlega frábær bók sem ég mæli með fyrir alla sem vilja líða betur. Þegar heilsan er annars vegar finnst mér mataræðið oft fá of mikið vægi og hugsanir okkar of lítið vægi. Það er ekki nóg að borða hollan mat ef hausinn á okkur er í tómu tjóni. Ég er líka að lesa *The Oxygen Advantage* eftir Patrick McKeown sem kennir fólki Buteyko öndunar- aðferðina en sú öndunaraðferð á að hjálpa fólki að ná betri árangri í íþróttum, minnka kvíða, þreytu, svefnleysi og astma. Einstaklega fróðleg bók.

Svo er ég að lesa *The Subtle Art of Not Giving a F*ck* eftir Roger Wayne í þriðja sinn. Þessi bók er svo mikil snilld og ég held að allir hefðu gott af því að lesa hana – sérstaklega þeir sem hugga of mikið um það hvað öðrum finnst. Að lokum verð ég að nefna ljóðabókina Eddu eftir Hörpu Rún Kristjánsdóttur, vinkonu mína. Einstaklega falleg bók – rétt eins og höfundurinn.

Fleiri eru á náttborðinu sem ég er mislangt komin með. Sumar bækur les ég helst árlega, eins og *You Can Heal your Life* eftir Louise Hay og *Change Your Thoughts, Change Your Life* eftir dr. Wayne W. Dyer. Tvær bækur sem höfðu mikil áhrif á mig þegar ég las þær fyrst.

En hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Allar bækur sem fjalla um heilsu, hvort sem það er líkamleg eða andleg heilsa. Þegar ég var í þjóðfræðinni í HÍ vandist ég því að lesa á ensku en það er eitthvað sem ég var röð við áður, verandi með lesblindu. Sumar bækurnar í náminu þurfti maður að panta sjálfur af Amazon og þá uppgötvadi ég alveg nýjan heim – allar stórkostlegu bækurnar þar sem innihéldu alls konar fróðleik um alls konar merki- legt. Ég elska að læra og fræðast



Jóhanna S. Hannesdóttir

meira og les um allt sem ég hef áhuga á. Það er samt svo merki- legt að því meira sem ég les því betur sé ég hversu lítið ég veit og á mikið eftir að læra. Síðustu ár hef ég keypt flestar mínar bækur á Amazon en íslensku bækurnar kaupi ég í Bókakaffinu á Selfossi. Sumar bækurnar les ég aftur og aftur og vil eiga áfram en langflestar bækurnar gef ég annað hvort til vinkvenna minna eða bókasafnsins á Selfossi.

Ertu alin upp við lestur bóka?

Þabbi las alltaf fyrir okkur systkinin á kvöldin, alls konar ævintýri og þjóðsögur. Svo sagði hann okkur oft frumsamdar sögur, sérstaklega þegar Jói bróðir minn – sem var einstaklega matvundur krakki – vildi ekki borða matinn sinn. Þabbi sagði þá okkur æsispennandi sögu sem varð til þessi að Jói gleymdi alveg matvæðni sinni og borðaði óvart allan matinn sinn.

Lengi vel var *Pollýanna* uppáhalds bók min en í seinni tíð hef ég áttað mig á því að Pollýanna er ekkert svo góð fyrirmynd – sérstaklega ekki fyrir konur. Það er ekkert eðlilegt að vera alltaf jákvæður og glaður. Það er mikilvægt að horfast í augu við erfiðar tilfinningar og það er öllum hollt að leyfa sér að líða illa þegar þeir lenda í mótlæti – leyfa sér að gráta hressilega og fá útrás fyrir tilfinningarnar í staðinn fyrir að bæla þær niður. Talandi um fyrirmyndir þá er *Lína Langsokkur* sögupersóna sem konur á öllum aldri ættu að taka sér til fyrirmyndar – einhver sem þorir að taka pláss, er sjálfstæð, stendur ávallt með sjálfri sér, er laus við alla meðvirkni og síðast en ekki síst – hefur gaman af lífinu.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég les þegar ég get og hef tíma. Les fyrir Síðu minn á kvöldin (Einar Áskell er í miklu uppáhaldi hjá okkur) og svo les ég fyrir sjálfa mig, annað hvort uppi í rúmi, í sófanum eða í saunaklefanum. Ég elska að lesa. Það

er helst þá sem það slokknar á ofvirka huganum mínum.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Þegar ég var unglingur hélt ég mikið upp á Þorgrím Þráinsson og Birgittu H. Halldórsdóttur. Ég held að ég hafi lesið allar bækur Birgittu sem ég fann á bókasafninu. Eftir að ég varð fullorðin (ef maður telst einhvern tímann fullorðinn?) þá hef ég lítið lesið af skáldsögum – aðallega bara fræðibækur/sjálfsþjálfarabækur um alls konar því mig þyrstir stöðugt í meiri fróðleik. Uppáhalds höfundarnir mínir eru rr. Wayne W. Dyer, Gabrielle Bernstein, Louise Hay og Brené Brown. Hef lesið flestar bækur eftir þessa höfunda. Textinn flæðir ávallt vel hjá þeim og svo er innihaldið iðulega mannþætandi. Ég fíla líka ritstílinn hjá Gunillu Bergström og Andra Snæ Magnasyni. Annars er *Englar alheimsins* eftir Einar Má Guðmundsson ein besta bók sem ég hef lesið. Mér finnst svo fallegt hvernig hann fjallar um geðsjúkdóma á einlæg og hreinskilinn hátt og svo skrifar hann bara svo fallega íslensku.

Hefur bók rænt þig svefni?

Úff, ætli það séu ekki helst einhverjar spennusögur sem ég las sem unglingur. Í dag finnst mér bóklestur fyrir svefninn hjálpa mér til að sofna fyrir og sofa betur.

En að lokum Jóhanna, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Ég skrifaði bókina 100 heilsuráð til langlíffis sem kom út árið 2014. Ég er með nokkrar bækur – skáldsögur, fræðibækur og uppskriftarbækur í kollinum sem ég get vonandi seinna komið á blað. Það er sérstaklega ein barnabók sem mig langar mikið til að skrifa sem ég mun vonandi hafa tíma til þegar börnin verða eldri og/eða þegar ég læri að skipuleggja tímann minn betur.

Lestrarhestur númer 97.
Umsjón Jón Özur Snorrason.

Tannáverkar og slys

Á sumrin taka börnin fram hjólin sín, trampólínin skjóta tímabundnum rótum og rennibrautir sundlauganna vakna úr vetrardvala. Leiðinlegur fylgikvilli eru slys og óhöpp. Einnig á öðrum árstímum, á skólatíma, við tómsundaiðkun og heima við.

Tannáverkar

Tennurnar eru eini vefur líkamans sem ekki hefur almenna viðgerðarhæfni. Brotin tönn verður aldrei söm. Oftast verða framtennur fyrir áverkum, bæði í efri og neðri gómi. Rétt viðbrögð strax í upphafi skipta sköpum. Hér verður stiklað á stóru.

Almenn viðbrögð

Almennt skal hitta tannlækni eftir slys.

Og því fyrir, því betra. Erfitt

getur verið

að meta

hve n æ r

ástæða er

til að láta

sk o ð a

s m æ s t u

óhöppin,

óhöpp án

sjáanlegra

einkenna. Ef þú

ert í vafa er vissara

ad ráðfæra sig við tannlækni.


Barnatennur

Slys á barnatönn getur haft áhrif á óuppkomna fullorðinstönn. Komið barninu sem fyrst til tannlækni ef:

- blæðir með tannholdi.
- barnatönn „kylst upp í góminn“ eða færast til.
- barnatönn er brotin. A.m.k. skal ráðfæra sig við tannlækni. Reynið að finna brotið.
- barnið er með óþægindi.
- Ef barnatönn er úrslegin (farin alveg úr) á EKKI að koma henni aftur fyrir í munn. Finnið tönnina og leitið til tannlækni. Ef tönnin finnst ekki getur verið að hún hafi kylst „upp í góm“, að barnið hafi gleypst tönnina eða að hún hafi brotnað inn í vör/tungu.

Fullorðinstennur

- Sama gildir um fullorðinstennur og um ofangreinda áverka barnatanna: Komið einstaklingnum sem fyrst til tannlækni.
- Ef fullorðinstönn brotnar



skal finna brot og koma til tannlækni.

- Stundum flísast úr tönnum án þess að annarra einkenna verði vart og jafnvel að ekkert frekar þurfi að gera.

Aðstæður og einkenni hverju sinni spila inn í meðferðarþörf.

Faglega get ég þó ekki mælt með öðru en að a.m.k. ráðfæra sig við tannlækni eftir óhöpp.

ÚRSLEGIN/ BROTTFALLIN FULLORÐINSTÖNN

Þetta eru alvarlegustu tannáverkamir. SKJÓT OG RÉTT VIÐBRÖGÐ SKIPTA ÖLLU MÁLI! Hver mínúta telur, fyrstu 10-20 mínúturnar skipta höfuðmáli fyrir framtíðarhorfur tannarinnar (en ekki hætta þótt sá tími sé liðinn). Ef fleiri en einn fullorðinn er til staðar hringir einn strax til tannlækni meðan aðrir leita tannarinnar og sinna einstaklingnum.

- Finnið tönnina SEM ALLRA FYRST! EKKI snerta rótina, bara krónuhlutann!
- Skolið tönnina VARLEGA undir vatni, viljum losna við óhreinindi. EKKI nudda/snerta rótina.
- Ef hægt er: Komið tönninni strax fyrir í holunni með jöfnum þrýstingi og passað að hún snúi rétt.
- Hvort sem það tekst eða ekki skal koma einstaklingnum OG tönninni með öllum ráðum SEM ALLRA FYRST til tannlækni (nema aðrir áverkar utan munns krefjist bráðamót-

töku). Allt of oft er byrjað á að biðja foreldra og leita svo til slysó í stað tannlækna vegna tannáverka. Á meðan tapast dýrmætur tími.

Varðveisla úrsleginna tanna

Rétt meðhöndlun tannar á leið til tannlækni skiptir sköpum:

- ALLS EKKI geyma tönnina þurra!
- Bestar eru sérstakar lausnir (t.d. „Save-A-Tooth“) sem ættu að vera til í öllum íþróttahúsum, skólum og sundlaugum (en eru það sjaldnast).
- Næst best er mjólk. Því næst aðkeypt 0,9% saltlausn (ekki útbúa sjálf).
- Munnvatn (eða tönn geymd í munni) er aðeins neyðarúrræði.
- Kranavatn er afleitt til varðveislu tannar, ögn skárri en þurr tönn.

Forvarnir besta vörnir

- Nota hlífðarbúnað, virða rennibrautareglur sundlauga, einn í einu á trampólíni, gæta sín á hálu/blautu gólfi... Farið varlega.
- Því miður virðast margir íþróttaiðkendur sem nota íþróttagóma/hlífðargóma gera það fyrst EFTIR að þeir verða fyrir tannáverka.
- **FRÆDSL!** Rannsóknir og reynsla sýna að fræðslu um tannáverka til fagfólks/starfsfólks íþróttamiðstöðva og skóla er verulega ábótavant: Fæstir treysta sér til að bregðast rétt við á ögurstundu. Hvað þá almenningur. Hér getum við gert miklu betur.

Vantar í vinnu mann vanan pípulögnum og smíðavinnu - mikil vinna og góð verkefnastaða.

Allar upplýsingar veita Heimir í síma 892 3742 og Gestur í síma 899 5443 eða á tresmidjan@tresmidjan.is



ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði

Gagnheiði 51, Selfossi - Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Nú er tími til kominn að koma með ferðavagnana



Bláskógaskóli, Reykholti óskar eftir að ráða umsjónarkennara á miðstigi og stuðningsfulltrúa/leiðbeinanda í Frístund

Skólinn er fyrir nemendur í 1. til 10. bekk. Í skólanum eru 83 nemendur og þar starfa 20 starfsmenn. Kjörorð skólans eru Virðing-Vellö-an-Samvinna. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, teymisvinnu, verkefnamiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og list- og verkgreinar.

Bláskógaskóli í Reykholti er annar tveggja grunnskóla Bláskógabyggðar. Gott samstarf er við leikskólann Álfaborg í Reykholti, Bláskógaskóla á Laugarvatni og Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Eftirfarandi störf eru í boði:

Umsjónarkennari á miðstigi

Um er að ræða 100% stöðu umsjónarkennara í teymi á miðstigi.

Hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi
- Áhugi á fjölbreyttum kennsluháttum
- Reynsla af teymisvinnu er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Stuðningsfulltrúi/leiðbeinandi í Frístund

Um er að ræða 80% stöðu stuðningsfulltrúa og leiðbeinanda í Frístund Vinnutími er frá kl. 11-16:30

Hæfniskröfur:

- Góð færni í samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Framtakssemi og jákvæðni
- Góð íslenskukunnátta

Störfin henta jafnt körlum sem konum.

Umsóknarfrestur er til 6. ágúst 2020.

Nánari upplýsingar veitir Lára Bergljót Jónsdóttir, viðtakandi skólastjóri, í síma 847 5353. Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið lbj@blaskogaskoli.is.

Tönnverndarhornið

SMARTFIX
snjalltækjapjónusta

VIÐ GERUM VIÐ

- alla dróna
- allar tegundir síma
- öll snjalltæki og fartölvur og við björgum gögnum af ónýtum tækjum.

Bolholt 4, RVK sí: 534-1400 www.smartfix.is



Fjölbreytt verkefni í vinnuskólanum í Rangárþingi eystra

Kráskarnir í vinnuskólanum ásamt verk- og flokkstjórum sínum hafa unnið hörðum höndum við að fegra nærumhverfið bæði í þétt- og dreifbýlinu. Þau hófu störf í byrjun júní og hafa komið víða við síðan þá. Í vinnuskólanum eru börn fædd 2004 - 2007 og er verkstjórn í höndum þeirra Sæbjargar Evu

Hlynsdóttur og Ólafar Söru Garðarsdóttur. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir sem verkstjórar sendu af kátum krökkum við vinnu sína.

Hlynsdóttur og Ólafar Söru Garðarsdóttur. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir sem verkstjórar sendu af kátum krökkum við vinnu sína.



Ágústferð FEB Selfossi miðvikudaginn 12. ágúst kl. 10:00 Uppsveitir Árnassýslu

Lagt af stað frá Grænumörk Selfossi kl. 10:00. Farið að Laugarvatnshelli, frásögn um hellisbúa. Súpa, brauð og kaffi í Eldaskálanum á Laugarvatni. Ekið að Gullfossi, frjáls tími þar. Því næst liggur leiðin að Flúðum í kaffi og köku í Farmers Bistro (Flúðasveppir). Leiðsögumaður verður Óskar H. Ólafsson. Verð, 4.500 krónur, greiðist í rútu við brottför. Innifalið rúta, kynning í Laugarvatnshelli, hádegisverður á Laugarvatni og kaffiveitingar á Flúðum. Sveitarfélagið Árborg styrkir ferðina í átaki til að efla félagsstarf fullorðinna í sumar. Hún er af því til efni opin öllum eldri borgurum í Árborg. Takmarkaður sætafjöldi. Skráningarlisti liggur frammi í Grænumörk 5. Einnig er hægt að hringja og skrá sig á milli klukkan 10 og 16 til og með laugardegnum 8. ágúst nk. hjá Þorgrími Óla í 698 3100, Helga í 860 7032 eða Sirrý í 863 7133. Hvatt er til fyllsta hreinlætis og að sýna hvert öðru tillitssemi. Þátttakendur eru á eigin ábyrgð í ferðinni og FEB áskilur sér rétt til að breyta auglýstri dagskrá ef óvænt atvik koma upp.

Ferðanefnd FEB Selfossi



Fyrsta ljósleiðaratengingin

Lagning ljósleiðara í Bláskógabyggð gengur vel en fyrsti viðskiptavinur Bláskógljóss var tengdur 17. júlí. Það var skemmtileg tilviljun að sá fyrsti til að tengjast var Sigurður Þorsteinsson elsti íbúi Bláskóga- byggðar, en Sigurður er 96 ára. Í tilefni af ljósleiðaratengingunni afhenti Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, Sigurði blómvönd. Með á myndinni er Hannes Arnar Viðarsson, tækni- maður hjá TRS.



Ísólfrur Gylfi leiddi sögugöngu um Hvolsvöll



Ferð í Þjóðveldisbæinn í Stöng fyrir eldri borgara

Árborg býður eldri borgurum sveitarfélagsins í ferð miðvikudaginn 5. ágúst. Ferðinni er heitið í Þjóðveldisbæinn Stöng. Stoppað verður við Hjálparfoss og þaðan er svo farið í Árnes, þar sem léttar veitingar verða í boði og hægt að skoða sýninguna þeirra - Þjórsá.

Á heimleiðinni verður stoppað við Skaftthollstréttir.

Ráðlagt er að hafa með sér nesti, en hægt er að versla veitingar í söluskála í Árnesi.

Skráning fer fram í upplýsingamiðstöð í Bókasafni Árborgar og kostar ekkert í ferðina. Laggt verður af stað frá Grænumörk 5 kl. 10:00 miðvikudaginn 5. ágúst. Áætluð heimkoma er kl. 15:00 Símanúmer hjá þjónustuverinu: 480-1952



Föstudaginn 17. júlí gekk Ísólfrur Gylfi Pálmason, með góðan hóp af fólki, um elsta hluta Hvolsvallar og sagði sögu þéttbýlisins en um hana er Ísólfrur einna fróðastur manna. Ísólfrur hefur einstakan frásagnarhæfileika og þéttbýlismyndunin á Hvolsvelli hefur líklega birst gönguhópnum ljóslifandi í gegnum sögur hans.

Frumbyggjar þéttbýlisins byggðu sér reisuleg og falleg hús og meðal annars var stoppað við Hvolsvæg 16 þar sem afi og amma Ísólfs, þau Ísleifur Sveinsson og Ingibjörg Kristjánsdóttir, byggðu sér hús er þau fluttu frá Miðkoti í Fljótshlíð. Húsið er kallað Ömmubær og er eitt af þeim fyrstu sem byggð voru á Hvolsvelli. Fyrir framan húsið hefur verið sett upp upp-

lýsingaskilti um þau hjón og einnig er þar glerkassi með hjóli í en Ísleifur var eini fullorðni einstaklingurinn sem hjólaði um Hvolsvöll á sínum tíma.

Eitt elsta hús Hvolsvallar, gamla kaupfélagshúsið, hefur verið gert upp og er nú íbúðarhús en út frá kaupfélaginu fór þéttbýlið á Hvolsvelli að myndast.



Hansakaupmenn á Íslandi



Fyrir stuttu kom út bókinn „Schwefel, Tran und Trockenfisch“ (Brennisteinn, lýsi og skreið) hjá þýska forlaginu Acabus-Verlag Hamburg. Bókin leiðir lesendur á þá staði á Íslandi þar sem þýskir kaupmenn stunduðu verslun á 15. og 16. öld. Þjóðverjarnir áttu í samkeppni við Breska kaupmenn um íslensku skreiðina. Viðskiptin voru ekki alltaf heiðarleg og deilurnar gátu orðið blóðugar.

Saga um kaupmannssoninn Henrick Rode sem sigldi gegn vilja föður síns frá Hamborg til Íslands er fléttuð inn á milli sögulegu umfjöllunarinnar. Sagan gefur innsýn í hætti Íslendinga á 15. öld. Frásagnir Hansakaupmannanna um Ísland voru ýktar og sagt var að Íslendingar væru í alla staði söðalegt fólk og kynnu enga mannsiði. Við grípum niður í brot úr sögunni: „Einn daginn heyrði ég hávært óskur úti við vörugeymslurnar. Ég hljóp út. Þýski kaupmaðurinn togaði fátæklega klæddan og horaðan strák á hárinu á eftir sér og bölv-aði hástöfum: „Loksins er ég búinn að ná í hann, þennan flækning. Heldur hann að hann geti stolið af mér nokkrum kílóum af hveiti og koparkatli?“ Augu stráksins

voru full af reiði. Í eitt augnablik horfðum við á hvorn annan. Svo byrjaði hann í æðiskasti að slá um sig með höndum og fótum. En þýski kaupmaðurinn hélt fast í hann. Það birtust fleiri menn og drógu þjófinn í burtu. Þeir fóru með hann á Bessastaði þar sem honum var stungið í svokallaða þrælakistu. Í þessari dimmu holu húktu nokkrar aðrir afbrotamenn, sem voru hlekkjaðir við kaldan og blautan steinvegg. Eftir einum af þessum mönnum beið gálgin.

Ég fann til með stráknum. Hann hafði örugglega stolið af illri nauðsyn, en hann var dæmdur til hýðingar. Áhöfninni okkar var skipað að vera viðstödd þegar strákurinn og tveir aðrir þjafur fengu refsingu sína...

Höfundar bókarinnar eru Brigitte Bjarnason og Kirsten Rühl. Báðar koma þær frá Hansaborginni Hamborg en hafa búið á Íslandi um árabíl. Áður hafa tvær bækur eftir Brigitte, sem er búsett á Selfossi, verið gefnar út hjá sama forlagi.

Ef þú vilt gleðja þýskumælendi vini eða ættingja með þessari bók þá er hún fáanleg á www.frujora.com. Einnig má hafa samband í gegnum netfangið frujora@gmail.com.



Brigitte Bjarnason • Kirsten Rühl

Schwefel, Tran und
Trockenfisch

Wie Hamburger Kaufleute
Island entdeckten

acabus

Hrönn Jörundsdóttir nýr forstjóri MAST

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, hefur skipað doktor Hrönn Jörundsdóttur í embætti forstjóra Matvælastofnunar. Hrönn hefur störf 1. ágúst nk.

Hrönn er með BS-gráðu í efnafraeði frá Háskóla Íslands og lauk MS-prófi í umhverfisefnafraeði árið 2002 frá Stokkhólmsháskóla. Árið 2009 lauk hún einnig doktorsgráðu í umhverfisefnafraeði frá Stokkhólmsháskóla og hefur unnið hjá MATÍS undanfarin 11 ár. Frá árinu 2016 hefur hún verið stjórnandi hjá MATÍS þar sem hún hefur stýrt fjölmörgum innlendum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, stefnumótun, rekstri og ráðgjafarverkefnum. Einnig hefur Hrönn verið formaður áhættumatsnefndar á sviði matvæla, fæðis, áburðar og sáðvöru frá árinu 2019. Hún hefur ennfremur sérhæft sig á sviði matvælaöryggis, áhættumats og áhættumiðlunar.

Alls bárust átján umsóknir um starf forstjóra Matvælastofnunar, en umsóknarfestur rann út þann 4. maí 2020 og mat hæfnisnefnd fimm umsækjendur vel hæfa til

þess að gegna því. Í kjölfarið boðaði ráðherra þá í viðtal þar sem ítarlega var farið ofan í einstaka þætti starfsins og sýn umsækjenda.



HOTEL
SELFOSS

Fjölskylduhátíð Hótel Selfoss um Versló

FÖSTUDAGURINN 31. JÚLÍ

17:00 - Útitónleikar á pallinum: Dagný Halla Björnsdóttir ásamt þeim Vigni Þór og Sigurgeiri Skafta. **Frítt inn.**

20:30 - Kvöldvaka í salnum: Magni Ásgeirsson og Ágústa Eva ásamt landsliði hljóðfæraleikara. **Miðasala á tix.is.**

LAUGARDAGURINN 1. ÁGÚST

17:00 - Útitónleikar á pallinum: Unnur Birna Björnsdóttir ásamt þeim Vigni Þór og Sigurgeiri Skafta. **Frítt inn.**

20:30 - Kvöldvaka í salnum: Bjartmar Guðlaugsson, Unnur Birna og Lay Low ásamt glæsilegri hljómsveit. **Miðasala á tix.is.**

SUNNUDAGURINN 2. ÁGÚST

14:00 - Fjölskylduskemmtun í salnum: Lína Langsokkur og Trúðurinn Wallie. **Frítt inn.**

20:30 - „Brekusöngur“ við hótelið þar sem Pétur Örn leikur öll okkar bestu lög og við tökum vel undir. **Frítt inn.**

Sub. EHF








ÓKEYPIS Á ALLA VIÐBURÐI NEMA KVÖLDVÖKUR. MIÐASALA VIÐ HURÐ OG Á **tix.is**

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is



Fjöldi keppenda tók þátt í mótinu.

Ljósmyndir frá foreldrum og hjálfurum Umf. Selfoss

Vel heppnað Íslandsmót á Selfossi

MÓTOKROSS Þriðja umferð Íslandsmótsins fór fram á Selfossi um seinustu helgi. Keppendur vorum um 80 talsins og var mikil stemning á svæðinu.

Heimamenn komust á pall í nokkrum flokkum. Eric Máni Guðmundsson sigraði í 85 cc flokki, Ásta Petrea Hannesdóttir náði öðru sæti í kvennaflokki og

Alexander Adam Kuc náði sýðri sæti í þriðja sætið í flokknum MX2.

Fjórdi og síðasta umferð Íslandsmótsins fer fram í Bolaöld um þann 29. ágúst.



Eric Máni sigraði í sínum flokki.



Alexander Adam varð í þriðja sæti.



Gyða Dögg sigraði í kvennaflokki og Ásta Petrea varð önnur.

Skin og skúrir hjá Selfyssingum

KNATTSPYRNA Það skiptust á skin og skúrir hjá Selfyssingum í 2. deildinni í liðinni viku en eftir glæsilegan sigur á toppliði Kórdrengjanna mátti liðið sætta sig við tap gegn Fjallabyggð þar sem sigurmarkið kom í uppbótartíma.

Það var sannkallaður stórleikur þegar Selfoss tók á móti Kórdrengjum á JÁVERK-vellinum á Selfossi.

Það var ekki fyrir en á 83. mínútu sem eina mark leiksins kom og það gerði Danijel Majkic með frábæru skoti fyrir utan teig. Gestirnir sóttu hart að marki Selfyssinga síðustu mínútur leiksins en náðu ekki að koma inn jöfnunarmarki.

Selfyssingar urðu hins vegar af mikilvægum stigum þegar þeir töpuðu fyrir KF á Ólafsfirði á sunnudag.

Heimamenn leiddu 1-0 í

hálfleik. En Ingvi Rafn Óskarsson jafnaði metin fyrir Selfoss um miðjan síðari hálfleik. Það voru svo heimamenn sem stálu sigrinum þegar þeir skorðu á

fjórðu mínútu uppbótartíma.

Selfyssingar eru í 5. sæti deildarinnar með 13 stig og eiga næst leik á heimavelli gegn ÍR þann 4. ágúst.



Danijel Majkic skoraði sigurmarkið gegn Kórdrengjunum. Ljósmynd: Sunnlenska.is/Guðmundur Karl

JÁVERK-völlurinn




Þriðjudaginn kl 19:15

2. deild karla

Héraðsmót 2020 úti



Hekla og Garpur sendu sameiginlegt lið til keppni og urðu í öðru sæti.

FRJÁLSAR Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram dagana 13. og 14. júlí. Báða dagana voru frábærar keppnisástæður og átta ný HSK-met voru sett á mótinu. Stigakeppni félaga fór þannig að Umf. Selfoss sigraði mótið með 264,5 stig, sameiginlegt keppnisliðs Garps og Heklu varð í öðru sæti með 124,5 stig og í þriðja sæti varð Umf. Hrunamanna með 27 stig. Einnig voru veitt verðlaun fyrir stigahæsta karl og stigahæstu konu mótsins. Stigahæsti karlinn varð Goði Gnýr Guðjónsson frá Umf. Heklu en hann sigraði í fjórum greinum. Þar á meðal Jónshlaupinu en fyrir sigurinn í því hlaut hann farandbikar til varðveislu í eitt ár. Jónshlaupið er 5000 m hlaup sem haldið er til minningar um Jón H. Sigurðsson, hlaupara frá Úthlíð í Biskupstungum. Stigahæsta kona mótsins var Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss en hún sigraði þrjár greinar og náði silfri öðrum þremur. Í hástökkinu, sem er hennar aðal grein, stökk hún 1,77 m og bætti með því sitt eigið héraðsmet í flokkum 16-17 ára, 18-19 ára og 20-22 ára.

og bætti þar með 23 ára gamalt met Elíasar Ágúst Högnasonar um 0,18 sekúndur. Benjamín Guðnason Umf. Selfoss bætti HSK-metið í sleggjukasti 16-17 ára með fullorðinssleggjunni og kastaði 32,29 m. Fyrra metið átti Teitur Ingi Valmundsson. Ólafur Guðmundsson Umf. Selfoss bætti svo tvö öldungamet í flokki 50-54 ára. Hann bætti 30 ára gamalt öldungamet Ólafs Unnsteinssonar í kúluvarpi um 2 sm og kastaði 11,69 m. Hann bætti einnig eigið met í spjót-kasti þegar hann kastaði 39,62 m.

Frjálssíþróttasumrinu er ekki nærri því lokið en Unglingamót HSK mun fara fram á Selfossvelli 18. ágúst og verður það síðasta mótið sem frjálssíþróttaráð HSK stendur fyrir þetta sumarið. Hápunkturinn í frjálsum á HSK-svæðinu verður þó helgina 15. - 16. ágúst en þá munu fara fram á Selfossvelli annarsvegar Bikarkeppni FRÍ í flokki fullorðinna og Bikarkeppni 15 ára og yngri. Um er að ræða annan af stærstu viðburðum í frjálsum íþróttum á Íslandi þetta sumarið og verður keppnin eflaust einkar skemmtileg þetta árið þar sem allir bestu íþróttamenn landsins eru á landinu. Við hvetjum alla til að kíkja á völinn og sjá þá bestu etja kappi þegar þar að kemur.

Af öðrum HSK-metum er það að segja að Sindri Freyr Seim Sigurðsson Umf. Heklu bætti metið í 100 m hlaupi 16-17 ára þegar hann hljóp á tímanum 11,22 sek.



Sigurlið Umf. Selfoss



FAGFORM

Til sölu

Fagform skiltagerð sem staðsett er á Selfossi er með 26 ára samfleytta starfsemi og eru núverandi eigendur búnir að eiga það síðan 2011.

Félagið er með stöðuga verkefna stöðu, mikið af fastakúnnum og síðastliðin 5 ár með rammisamning við Vegagerðina um framleiðslu á umferðarmerkjum.

Félagið er í eigin húsnæði sem er um 300m² að gólf flatarmáli auk ca 90m² skrifstofu á efri hæð og 75m² lagerrými einnig á efri hæð.

Til greina kemur að selja félagið í heild sinni eða að hluta til, einnig að selja húsnæðið eða leigja það.

Áhugasamir hafið samband við Hallgrím Sigurðsson í síma 857-2000

Innanbæjarstrætó í Árborg - bætt við ferð fyrir hádegi virka daga

Sveitarfélagið Árborg hefur í samstarfi við Strætó bætt við ferð á virkum dögum fyrir hádegi á leið 75 sem keyrir inn-an Árborgar. Þessi ferð fer frá Selfossi kl. 9:33 og keyrir milli Selfoss, Stokkseyrar og Eyrarbakka. Þessi viðbót sem vonandi mun nýtast íbúum sveitarfélagsins vel er fyrsti hluti af breytingum á leið 75 en í haust mun tímataflan eftir hádegi aðlagast betur að frístundaakstri milli byggðarkjarnanna og um næstu áramót fjölgar akstursdögum þar sem t.d. verður reglulegur akstur á sunnudögum.

Table with 12 columns (Days of week) and multiple rows of bus routes and times for various locations like Selfoss, Árborg, Stokkseyrar, Eyrarbakki, etc.

Brunavarnir Árnassýslu prófa sprinklerstúta

Gróðureldar er eitthvað sem ávallt þarf að hafa í huga, sér í lagi í þéttri bústaðabyggð. Það getur skapað mikla hættu sé óvarlega farið með eld. Upplýsingar um málefni þessu tengt má finna á grodureldar.is sem er fræðslusíða sem sumarhúsa-eigendur ættu að kynna sér til þess að vera vel undir það búnir komi upp eldur.

Slökkviliðið æfir reglulega ýmsa þætti starfsins Brunavarnir Árnassýslu leggja mikið upp úr því að æfa og prófa búnað til þess að vera sem best í stakk búin að takast á við eldsvoða. Hér eru slökkviliðsmenn að prófa svokallaða Sprinklerstúta eða sérstaka úðastúta. Stúta getur slökkviliðið nota til þess að búa til varnarlínu þegar verið er að fást við gróður- og skógarelda.



82% Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

Sterkur sunnlenskur auglýsingamiðill í yfir 50 ár.



*Samkvæmt skoðanakönnun Gallups á tímabilinu okt. - des. 2018.



Brunavarnir Árnassýslu prófa sprinklerstúta

UMFÍ advertisement with images of young men and text: 'Við erum að leita að þér!', 'UMFÍ leitast að frístundaleiðbeinanda í 100% starf sem hefur brennandi áhuga á að vinna með 14-15 ára ungmönnum í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni.', 'Fjölbreytt starf!', 'Starfið felur í sér að leiðbeina ungmönnum á námskeiðum, hafa umsjón með dagskrá, samskiptum við skólalæstjórmenndur og aðra sem eru með nemendahópum í búðunum.', 'Umsóknarfrestur er til 1. ágúst. Viðkomandi þarf að geta hafið störf um miðjan ágúst.', 'Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð, reynslu af starfi með ungmönnum, reyklaus og fyrirmynd ungmenna.', 'Fyrirspurnir um starfið og umsóknir skal senda á umfi@umfi.is.', 'Þú getur lesið allt um Ungmennabúðir UMFÍ á vefsíðunni ungmennabudir.is'

Ætlar þú upp á jökul?



Jöklar landsins eru hluti af þinni kraftmiklu Móður náttúru og þeir geta verið hættulegir. Viðeigandi búnaður og fatnaður skal ávallt hafa forgang í skipulagningu ferða á jökla landsins. Við mælum eindregið með að ferðamenn hafa samband við ferðaskipuleggjendur og leiðsögumenn á svæðunum áður en lagt er af stað upp á jökul.

Jökulís þekur um 10% af flatarmáli Íslands og rúma jöklar landsins vatn sem jafngildir um það bil 20 ára úrkomu á landið allt. Eitt megineinkenni jökla er að þeir hreyfast. Við skrið jökla, springur yfirborð þeirra ef ísrennslið er hratt. Þetta gerist vegna þess að efstu 20-30 metrar íssins brotna auðveldlega, en hann er þjálí á miklu dýpi. Þess vegna einkenna mikil sprungusvæði marga skriðjökla, en sprungurnar geta orðið allt að 30 metra djúpar. Breytilegt loftslag hefur áhrif á útbreiðslu og hreyfingu jöklanna. Í jöklunum eru margar virkar eldstöðvar, en eldgos og jarðhiti bræða ís og geta valdið jökulhlaupi. Um þriðjungur þess vatns sem fellur til sjávar af Íslandi, er jökulvatn. Aðgengi að íslenskum jöklum er nokkuð mismunandi, en þó er mögulegt að heimsækja flesta þeirra.

Langjökull er næststærsti jökull landsins. Aðgengi að jöklinum er með því besta sem gerist, en þó ætti enginn að reyna að aka upp á jökul á eigin vegum. Ferðþjónustufyrirtæki bjóða upp á ferðir þar sem ekið

er upp á jökulinn á sérútbúnum bílum og reyndir jöklaleiðsögumenn eru alltaf með í för. Í boði eru ökuferðir, gönguferðir og snjósleðaferðir. Gígjökull er skriðjökull sem gengur norður úr Eyjafjallajökli. Eftir gosið 2010 er lítið eftir af jöklinum og engar skipulagðar ferðir þangað. Þó er hægt að virða jökulinn fyrir sér úr fjarlægð á leiðinni inn í Þórsmörk. Sólheimajökull tilheyrir Mýrdalsjökli. Hann er mjög aðgengilegur og mögulegt að aka venjulegum fólkubílum alla leið að honum, en þar er bílastæði. Boðið er upp á gönguferðir allt árið um kring. Jökullinn er tiltölulega auðveldur yfirferðar og ættu ferðirnar að henta flestum frá 10 ára aldri, með viðeigandi búnað meðferðis. Svínafellsjökull tilheyrir Þjóðgarðinum í Skaftafelli, en þaðan er farið upp á jökulinn, ferðir eru í boði allan ársins hring og henta fólki frá 8 ára



Hveragerði fær grænar greinar

Orkusalan setur sér háleit markmið þegar kemur að umhverfismálum, en fyrirtækið náði stórum áfanga á síðasta ári og varð fyrsta og eina raforkufyrirtækið hér á landi til að kolefnisjafna bæði rekstur og vinnslu raforku. Kolefnisjöfnunin felur í sér að afhenda sveitarfélögum landsins grænar greinar til gróðursetningar. Kristín Snorradóttir, garðyrkjufulltrúi Hveragerðisbæjar tók á móti 40 birkiplöntum frá starfsmönnum Orkusölnnar í júní og munu þær fá að vaxa og dafna í lystigarðinum.



Kristín Snorradóttir, garðyrkjufulltrúi með grænu greinarnar.

Bílskúrssölur um allan bæ og þyrluflug í Hamingjunni

Hamingjan við hafið, bæjarhátíð Ólfuss sem venjulega er haldin aðra helgina í ágúst og dagana á undan, er í öðru formi þetta árið vegna Covid-19. Í stað þess að fella hátíðina niður eins og svo margir hafa gert var ákveðið að dreifa hátíðinni yfir allt sumarið og forðast þannig mikinn mann-söfnuð.

Nú þegar hafa verið haldnir viðburðir alla fimmtudaga og laugardaga síðan 13. júní og mun gleðin halda áfram fram að 9. ágúst.

Um verslunarmannahelgina,

nánnar tiltekið laugardaginn 1. ágúst verða bílskúrssölur út um allan bæ þar sem fólk getur komið og gert kostakaup og jafnvel nælt sér í eitthvað gefins góss, veitingar og fleira. Bílskúrssölnar verða víða í Þorlákshöfn og einnig við Pylsuvaðinn í Selvogi þar sem fólk selur úr skottum bifreiða sinna. Nánari upplýsingar um staðsetningar á bílskúrssölnum má nálgast á Facebook-síðunni *Hamingjan við hafið*. Svo er nóg eftir af hátíðinni sjálfri og má nálgast upplýsingar um dagkrá hennar á hamingjanvidhafid.is



Samráðsfundir skógarbænda gagnlegir

Árleg Jónsmessuganga Félags skógareigenda á Suðurlandi var sunnudaginn 21. júní sl. og nú var gengið um skóginn að Núpum í Ólfusi, skammt sunnan við Hveragerði. Guðmundur A. Birgisson skógarbóndi fór fyrir nærri 60 manna hópi um skóginn og sagði frá þessum einstaka úti-vistar- og nytjaskógi. Þar er að finna allar helstu trjátegundir ásamt miklu úrvali af eðaltrjám.

Skógrækt að Núpum hófst 1985, en stór hluti nytjaskógarins var gróðursettur árið 2000 og næstu ár þar á eftir. Vöxtur skógarins er með eindæmum góður en athygli vöktu eðaltré sem er að finna vítt og breitt um skóginn. Þar á meðal er hlynur sem vex vel og er án allra óþrifa. Unnið er að því að rækta hlyn í nokkrum hekturum lands og verður fróðlegt að fylgjast með þeirri ræktun á næstu árum.

Rennisléttir göngustígar og vegslóðar eru um allan skóg

sem er vel við haldið, m.a. með reglulegum slætti. Vandfundnir eru skógar með betra og snyrtilegra aðgengi en að Núpum og ræktendum til mikils sóma. Um skóginn liggur gamla leiðin til Reykjavíkur, sem var farin áður en lagður var vegur um Kambana.

Skógræktarstjóri var með í göngunni ásamt fleiri stjórnendum Skógræktarinnar. Björn Bjarndal Jónsson, formaður Félags skógareigenda á Suðurlandi, segir að þetta hafi gefið göngunni faglegt yfirbragð enda hafi göngufólk getað spurt spurninga um allt er viðkemur skógrækt og fengið greið svör. Eftir gönguna tók Unnur hús-freyja á móti hópnum í gróðurhúsinu á Núpum og veitti vel af mat og drykk. Grillað var í garðinum, lagið tekið við undir-leik Ísólfs Gylfa Pálmasonar og ketilkaffi drukkið áður en haldið var heim á leið.



Fundirnir með skógarbændum voru vel sóttir í öllum landshlutum. Hér sést hópurinn sem kom saman í skóginum að Núpum í Ólfusi. Ljósmynd: Björn B. Jónsson.

LJÓSMYNDAPRENTUN

PRENTAÐU MINNINGARNAR ÞÍNAR HJÁ OKKUR!

Sendu myndirnar í tölvupósti eða komdu með gömlu filmurnar og við skönnum þær fyrir þig!



Sími 482 1944
selfoss@prentmet.is
Eyravegur 25, Selfoss



Umhverfissvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfissvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfissvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



☎ 482 1944 🌐 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Bréfpokar

Leynist rokkamman einhverstaðar í þínum fórum?

Íbigerð er heimildarmynd um Andreu Jónsdóttur, útvarpskonu og skífuþeyti með meiru. Myndin mun bera nafnið Rokkamman. Yfir stendur leit að efni sem nýta á í myndina. Helst er leitað af ljósmyndum, myndskeldum og hljóðupptökum frá hinum ýmsu tímabilum. Mögulega gætu leynst slíkar gersemar hjá fólki hér á Selfossi en Andrea ólst upp hér í bæ og því gæti eitthvað leynst í fórum fólks sem ætti heima í heimildarmyndinni. Hún varð meðal annars afrekskona í sundíþróttum fyrir HSK. Í myndinni verður ekki eingöngu fjallað um afrek hennar í tónlistarmiðlun heldur verður fjallað um líf hennar frá barnæsku til dagsins í dag og leitast við að gera persónunní Andreu Jónsdóttur góð skil.

Þeytir skífum upp á hillu á Dillon

Ása Berglind Hjálmarsdóttir, tónlistarkona með meiru, hefur haft hönd í bagga með aðstoða við verkefnið með heimildaöflun. Hún leit við hjá okkur á Dagskránni og sagði okkur nánar frá því sem í bígerð er. „Ég held að ekki allir áttu sig á þeirri staðreynd að hún sé orðin 71 árs gömul. Þrátt fyrir það er hún enn þá uppi á hillu á Dillon og er að þeyta skífum og heldur uppi stuðinu fyrir fólk sem er svo mörgum, mörgum árum yngri en hún. En það tengja allir við hana óháð aldri, hvaða tónlist það fílar, því að hún er svo opin fyrir öllu og gerir öllu svo góð skil. Þá er rétt að taka fram að hún hefur hjálpað mörgum



Andrea Jónsdóttir. Myndin er frá Sjóvá.

í gegn um tíðina að stíga sín fyrstu skref í tónlistinni með því að spila tónlistina þeirra. Og þá oft yngri tónlistarkonum sem stundum eiga erfiðara með að ná athygli fjölmiðla. Það eiga að mínu viti margir henni eitthvað að þakka fyrir að hafa fengið jafnvel að stíga sín fyrstu spor í fjölmiðlum í hennar þáttum.“

Draumurinn að finna gamlar upptökur frá upphafsárum Andreu á Rás 2

Eins og áður kom fram er verið að safna heimildum um Andreu frá öllum tímabilum í hennar lífi til að gera því sem best og dýpst skil. Ása Berglind hefur verið að fara í gegn um ýmislegt á RÚV teng ferli Andreu. „Þar sem Andrea var framan af lengst af á Rás 2, þar sem ekki var jafn vel haldið utan um efni framan af þó það sé algerlega breytt í dag, þá er ekki mikið til frá upphafsárum Rásar 2 í safni RÚV. Draumurinn er sem sagt að finna

gamlar upptökur frá upphafsárum Andreu á Rás 2. Og við erum að vonast eftir því að fólk eigi jafnvel einhverstaðar í fórum sínum upptökur af útvarpsþáttum Andreu á kassetum eða öðru formi. Fólk tók mikið upp á þessum tíma til að geta hlustað á þættina aftur og aftur og þar með lögin. Aðgangurinn að tónlistinni var ekki jafn mikill og er í dag,“ segir Ása Berglind. Hvert á fólk að snúa sér með það að koma upplýsingum um að það eigi heimildir og efni sem nýttist í myndina? „Við erum með netfang sem er rokkamman@gmail.com. Þangað myndum við gjarna vilja fá allt efni.“ Það má geta þess að verkefnið er í fjármögnunarferli og með umsókn hjá Kvikmyndasjóði Íslands. Þeir sem hafa áhuga á því að koma að því að styrkja verkefnið geta sömuleiðis haft samband í veffangið hér að framan.

-gpp

Hjartastaður eftir Steinunni Sigurðardóttur

Fimmtudaginn 30.

Í ljú í endurútgefum við skáldsöguna Hjartastaður eftir Steinunni Sigurðardóttur. Í tilefni þess verður haldið útgáfuhófi í Bókakaffinu á Selfossi klukkan 19:30 (Austurvegi 22, 800 Selfoss). Hjartastaður er ein þekktasta skáldsaga Steinunnar og hefur verið ófáanleg lengi. Fyrir hana hlaut hún Íslensku bókmenntaverð-

launin 1995 og jafnframt var bókinn tilnefnd til Evrópsku Aristeion Bókmenntaverðlaunanna og til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Hjartastaður má lýsa sem nokkurs konar roa d movie. Hún er nú endurútgefin við þær sérstöku aðstæður, að Íslendingar hafa í bili endurheimt landið sitt úr „greipum“ erlendra

ferðamanna. En bókinn kom út fáeinum árum áður en ferðamannabylgjan reidd yfir, og eru vegna- og náttúrulýsingar í samræmi við friðsældina sem var glötuð og ríkir nú aftur. Dagskráin er einkar skemmtileg en ásamt því sem Steinunn sjálf mun lesa upp úr bókinni mun Harpa Rún kynna hana og Kristján B. Jónasson, bókaútgefandi, flytja erindi um bókina. Ef áhugi er á viðtali vegna viðburðarins eða útgáfu bókunnar vinsamlegast hafið samband við höfund í gegnum netfangið ssigurdardottir@icloud.com.




Eyravegur 25, Selfoss - Sími 482 1944 - selfoss@prentmetoddi.is

Hrós vikunnar



Arnar Helgi Magnússon

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Arnar Helgi Magnússon

Mig langar til þess að hrósa þeim stuðningsmönnum Selfoss sem hafa séð sér fært um að mæta á JÁVERK völlinn í sumar og styðja meistara-flokksliðin okkar í knattspyrnu. Stuðningurinn skiptir svo sannarlega máli.

Arnar Helgi Magnússon

Ég ætla að skora á stórvinnu minn, hann Einar Jakob, að koma með hrós vikunnar í næsta blaði. Það eru fáir sem hrósa meira en Einar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Einar, sendu okkur hrósið á dfs@dfs.is fyrir næsta mánudag. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Grunnskólinn Hellu auglýsir eftir starfsmanni til aðstoðar í mótuneyti

Við leitum að duglegum og þjónustuliprum einstaklingi til starfa í mótuneyti Grunnskólans Hellu. Í starfinu felast fjölbreytt störf í eldhúsi sem og framreiðsla í mótuneyti.

Um framtíðarstarf getur verið að ræða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Frumkvæði
- Snyrtimennska og þjónustulund

Umsóknarfrestur er til 12. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veita:
Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri, kristins@grhella.is
Hafdís Dóra Sigurðardóttir kokkur í síma 897 2616, dorakokkur@gmail.com.



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is



Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

25. ára



FYLGD
Útfararþjónusta

Gisti G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



NYTT

Vinnuvelanámsskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is